

Miðvikudaginn 19. mars 1924.

Nr. 4/1924.

Valdstjórnin

(L. Fjeldsted)

gegn

Gesti Guðmundssyni

(B. P. Kalman).

Brot á aðflutningsbannslögum nr. 91/1917.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 30. nóv. 1923:
Ákærður Sigurður Berndsen, sæti fangelsi við venjulegt fanga-
viðurværi í 60 daga og greiði 1000 króna sekt í ríkissjóð.

Kærður Gestur Guðmundsson sæti einföldu fangelsi í 30 daga
og greiði 1000 króna sekt í ríkissjóð.

Kærður Árni Arnason greiði 200 króna sekt í ríkissjóð.

Áfengi það, sem að framan greinir og er í vörslum lögregl-
unnar sje upptækt og eign ríkissjóðs.

Allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað
greiði ákærður Berndsen að $\frac{7}{12}$ hlutum, kærður Gestur að $\frac{4}{12}$
hlutum og kærður Árni að $\frac{1}{12}$ hluta.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Hjeraðsdóminum hefir að eins verið áfrýjað að
því er kærða snertir. Og þar sem fallast verður á
ástæður dómsins um sök kærða, ber að staðfesta dóm-
inn að því leyti.

Samkvæmt þessum úrslitum verður kærði að
greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með
talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, 80 krón-
ur til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Kærði, Gestur Guðmundsson, greiði allan
áfrýjunarkostnað, þar með talin sóknar og varnar-

laun hæstarjettarmálaflutningsmannanna L. Fjeldsteds og B. P. Kalmans, 80 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur aukarjettardómsins hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af rjettvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu gegn Sigurði Berndsen, kaupmanni, Bergstaðastræti 10 hjer í bæ fyrir brot á 14. og 22. kapítula almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869 og á lögum nr. 91, 14. nóvember 1917 um aðflutningsbann á áfengi og af valdstjórnarinnar hálfu gegn Gestí Guðmundssyni, skrifara, Bergstaðastræti 1 og Árna Árnasyni frá Höfðahólum, Laugaveg 58, fyrir brot á áðurnefndum lögum frá 1917, og er það, sem nú skal greina, löglega sannað, sumpart með eigin játning kærðra, sumpart með framburði vitna svo og öðrum gögnum, sem aflað hefir verið í málinu.

I. Föstudaginn 4. maí s. l. kl. milli 3 $\frac{1}{2}$ og 4 síðdegis fóru þeir Alfred Gíslason, stud. art., 17 ára, og Sigurberg Eiríksson, verslunarmaður, 16 ára, eftir beiðni Guðmundar Sigurjónssonar, gæslumanns bannlaganna fyrir Stórstúkuna, til Gests Guðmundssonar skrifara, Langaveg 24C í þeim tilgangi að kaupa hjá honum áfengi og ætlaði Guðmundur svo að kæra Gest, ef hann seldi áfengið.

Komu piltar þessir, sem kveðast áður hafa keypt áfengi hjá Gestí, á heimili hans, börðu þar að dyrum og kom dökkhærður kvenmaður til dyra. Spurðu þeir hvort Gestur væri heima og var því svarað játandi, og kom hann því næst til dyra. Föluðu þeir hjá honum eina flösku af spiritusblöndu og kvaðst hann hafa hana og seldi þeim síðan sína hálfflöskuna af spiritusblöndu hvorum, fyrir samtals 10 krónur, og voru þeir báðir viðstaddir er þeir tóku á móti áfenginu og greiddu andvirðið. Var áfengi þetta síðan flutt niður á lögreglustöð og skýrsla tekin af þeim. Síðan var gerð húsleit eftir áfengi hjá kærðum Gestí og fanst við hana $\frac{1}{2}$ flaska af spiritusblöndu, sem álíta verður að kærðar hafi gert grein fyrir, hvar hann hafi fengið. Þennan framburð sinn hafa Alfred og Sigurberg staðfest með eidi eftir löglegan undirbúning í málinu.

Kærður, Gestur hefir neitað því að hafa selt vitnunum Alfred og Sigurberg áfengi í umrætt skifti eða endranær, en gegn eðfestum framburði þeirra verður sú neitun ekki tekin til greina.

II. 20. ágúst s. l. kl. milli 5 og 6 e. h. var kærður Gestur Guðmundsson að stíga út úr bifreið við heimili sitt, Bergstaðastíg 1, og hafði meðferðis pakka undir hendinni. Sigurði Gíslasyni, lögregluþjóni, sem þar var viðstaddur, þótti pakkinn grunsamlegur og hafði kærðan með sjer niður á lögreglustöð og kom þá í ljós að þetta var 10 lítra brúsi fullur af spiritus.

Kærður gerði þá grein fyrir áfengi þessu, að Tryggvi Gunnarsson, verslunarmaður, hefði beðið sig að geyma pakkann. Hefði hann farið á bifreið niður að porti hússins nr. 4 við Lækjargötu og fengið pakkann þar afhentan af Tryggva, án þess að vita hvað í honum væri.

Tryggvi hefir eindregið neitað því, að hafa látið kærðan Gest fá áfengi þetta, og gegn neitun hans verður ekki álitid að kærður hafi gert grein fyrir því, á hvern hátt umrætt áfengi hafi komist í vörslur hans.

III. Hinn 5. maí kl. um 1 e. h. komu á lögreglustöðina piltarnir Sigurberg Eiríksson og Stefán Runólfsson og höfðu meðferðis 1 $\frac{1}{2}$ flösku spiritusblöndu, sem þeir kváðust hafa keypt af ákærðum Sigurði Berndsen báðir saman, fyrir 10 krónur, en þeir höfðu farið á heimili hans að undirlagi Guðmundar Sigurjónssonar, til að fala áfengi hjá honum, í því skyni, að kæra hann fyrir lögreglunni ef hann seldi þeim áfengi.

Hefir kærður Sigurður Berndsen eftir nokkrar vífilengur kannast við að hafa selt vitnunum umrætt áfengi.

IV. Í sambandi við mál þetta var að undangengnum dómsúrskurði 18. júní s. l. framkvæmd húsrannsókn hjá ákærðum Sigurði Berndsen og fundust við hana ýmsir munir, svo sem 12 úr, 4 úrfestar, 4 hringir o. fl. Var farið að grenslast eftir hvernig á munum þessum stæði og kom þá í ljós að þeir voru að mestu handveð, sem ýmsir höfðu sett fyrir áfengi, sem þeir höfðu keypt af kærðum, en áttu að borga seinna. Hefir kærður kannast við að þetta sje rjett og að hann hafi smátt og smátt selt bæði spiritusblöndu og Cognak, eftir því sem upplýst er í málinu, a. m. k. 10 $\frac{1}{2}$ flöskur af spiritusblöndu og 2 $\frac{1}{2}$ af Cognaki, sem hann kveðst hafa fengið út á lyfseðla. Gripum þeim, sem settir hafa verið að handveði fyrir áfengiskuldum hefir með samþykki

kærðs verið skilað eigendunum, að svo miklu leyti, sem til þeirra hefir náðst.

V. Laugardaginn 5. maí s. l. kl. 4½ e. h. var framin húsaleit hjá kærðum Sigurði Berndsen eftir áfengi og fundust við þá húsrannsókn 2 þriggjaflöskur og 1 pottflaska fullar af spiritus, sem eru í vörslum lögreglunnar. Kærður Berndsen gerði þá grein fyrir áfengi þessu, að það væri eign Árna Árnasonar frá Höfðahólum, sem hann hefði bedið sig að geyma.

Árni Árnason kveður þetta rjett vera. Kveðst hann hafa keypt 5 lítra af spiritus af manni, sem hann ekki þekkti, niður hjá Völundarbryggju og geymt þá fyrst á heimili sínu á Laugaveg 58 og drukkið smátt og smátt nokkuð af því, en flutt afganginn 2½—3½ líter niður á heimili kærðs Berndsen og falið honum það til geymslu.

Þó að ýmislegt í prófum málsins bendi til þess, að Árni hafi alls ekki falið Sigurði neinn spiritus til geymslu um þetta leyti og framburður þeirra sje að ýmsu leyti ósamkvæmur og ótrúlegur, treystir rjetturinn sjer ekki til að hnekkja frásögn Árna um eignarrjett hans að umræddum spiritus, en þar af leiðir að ekki verður álitid, að hann hafi gert nægilega grein fyrir því, á hvern hátt hans hafi verið aflað, og er hann þá sekur um brot á aðflutningsbannslögunum.

VI. Tveim dögum eftir að Sigurberg Eiríksson og Stefán Runólfsson keyptu áfengisflösku þá, sem getur um sbr. nr. III. af kærðum Berndsen kom hann kl. um 4 e. h. ásamt kærðum Gestí Guðmundssyni, á heimili vitnisins Alfreds Gíslasonar Bergstaðastræti 36. Kærður Gestur fór inn til föður vitnisins, en kærður Berndsen gerði boð fyrir það og bað það að tala við sig í forstofa hússins. Spurði kærður vitnið hvort það hefði verið með þeim vitnunum Stefáni og Sigurbergi er þeir keyptu áfengisflöskuna af honum og svaraði vitnið því neitandi.

Baðst kærður þá til að gefa vitninu 50 krónur í peningum ef það gæti fengið þá til að „gera þetta ónýtt“. Fyrir það átti hann að lofa þeim peningaborgun og „nóg af áfengi“. Sagði kærður að hraða þyrfti þessu, því hann ætti að koma niður á lögreglustöð kl. 10 næsta morgun út af málinu.

Svaraði vitnið á þá leið, að erfitt myndi að fá þá Stefán og Sigurberg til að afturkalla skýrslu sína, en það kostaði ekkert að reyna það.

Nú fór vitnið til þeirra Sigurbergs og Stefáns og skýrði

þeim frá því, hvað Sigurður hefði boðið. Kom þeim öllum saman um, að ekki kæmi til mála að breyta skýrslu sinni, sem var rjett, en langaði hinsvegar til að vita, hversu langt Sigurður vildi ganga. Fóru þeir þá á leið heim til Sigurðar, en hittu hann á Bergstaðastrætinnu og urðu þeir 4 samferða heim til vitnisins Alfred. Endurtók kærður þá beiðni sína um að þeir tækju aftur framburð sinn fyrir lögreglunni um að hafa keypt áfengisflöskuna hjá sjer, og áttu þeir í stað þess að segja, að Guðmundur Sigurjónsson hefði fengið þeim áfengisflöskuna í hendur og keypt þá til að fara með hana heim til kærðs, koma með hana þaðan og bera það, að kærður hefði selt þeim hana. Fyrir þetta áttu þeir að fá peningaborgun 100—200 krónur hvor og ókeypis áfengi eftir þörfum.

Þá mintist kærður á það við vitnin, að Gestur myndi borga vitnunum, Alfred og Sigurbergi, enn betur en hann, ef þeir tækju aftur framburð sinn um áfengiskaup þeirra hjá honum.

Sögdust vitnin ætla að athuga málið og vita hvort hann eða Guðmundur byði betur, og varð það að samkomulagi, að þau og kærður skyldu hittast um kvöldið heima hjá kærðum og átti þá að gera út um þetta og Gestur að vera viðstaddur.

Vitnin fóru svo heim til Guðmundar Sigurjónssonar og sögðu honum frá samtalinu og varð það að samkomulagi að þau færu ekki heim til kærðs heldur sendu þau dreng með miða sem ritað var á að þau gætu ekki æru og drengskapar síns vegna, gengið að tilboðinu.

Kærður Gestur hefir staðfastlega neitað því að það hafi verið að hans undirlagi að Berndsen fór að fitja upp á því við vitnin Alfred og Sigurberg að þau tækju aftur framburð sinn um sölu hans á áfengi, og kemur sú neitun hans heim við framburð meðákærðs Berndsen, sem hinsvegar hefir kannast við að vitnin hafi í höfuðatriðunum skýrt rjett frá. Þó hefir hann haldið því fram, að þau hafi sjálf átt uppástunguna um að segja að Guðmundur Sigurjónsson hafi látið þá fá áfengið, sem þó er sannað að var ákærður með samhljóða eiðfestum framburði þriggja vitnanna.

Ákærður Sigurður Berndsen er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 17. desember 1889. Hann hefir ekki sætt ákæru eða refsingu fyrir hegningarlagabrot, en undirgengist 400 króna sektargreiðslu í ríkissjóð í lögreglurjetti Reykjavíkur fyrir að geta ekki gert grein fyrir áfengi, sem fanst við húsleit í vörslum hans

og tvisvar verið sektaður fyrir brot á aðflutningsbannslögunum í Húnavatnssýslu um 25 kr. og 200 kr.

Kærður Gestur Guðmundsson hefir tvívegis undirgengist sektargreiðslu fyrir brot á aðflutningsbannslögunum: í fyrsta sinn 12. júní 1922, 300 króna sekt fyrir að selja í eitt skifti 4 lítra af spiritus og síðar 25. október s. á. 600 kr. sekt fyrir að geta ekki gert grein fyrir áfengi sem fanst í vörslum hans við húsleit.

Kærður Árni Árnason hefir ekki áður sætt ákæru eða refsingu hjer í bæ.

Brot kærðs Sigurðar Berndsen sub. nr. III og IV ber að heimfæra undir 15. gr. laga nr. 91 frá 14. nóvember 1917 og verknaður sá sem lýst er sub. VI undir 146. og 227. sbr. 53. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869, og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fanga-viðurværi í 60 daga og 1000 króna sekt, er renni í ríkissjóð.

Brot kærðs Gests Guðmundssonar sub. nr. I og II ber, með tilliti til fyrri brota, að heimfæra undir 1. sbr. 12. og 15. gr. laga nr. 91 frá 14. nóvember 1917 og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið, hæfilega ákveðin 1000 króna sekt í ríkissjóð og einfalt fangelsi í 30 daga.

Brot kærðs Árna Árnasonar sub. nr. V ber að heimfæra undir 1. sbr. 11. gr. laga nr. 91 frá 14. nóvember 1917, og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið, hæfilega ákveðin 200 króna sekt er renni í ríkissjóð, svo skal og áfengi það, er fanst við hús-rannsóknina hjá kærðum Berndsen og er eign kærðs Árna, upp-tækt og eign ríkissjóðs.

Allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað greiði kærðir þannig: ákærður Sigurður að $\frac{7}{12}$ hlutum, kærður Gestur að $\frac{4}{12}$ og kærður Árni að $\frac{1}{12}$.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.